Heildarsýn á ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum.

1. Hvar finn ég Lífeyrisgáttina? Þú finnur Lífeyrisgáttina ofarlega til hægri á vef Gildis–lífeyrissjóðs; www.gildi.is

2. Hvernig kemst ég inn í Lífeyrisgáttina? Þú skráir þig inn á sjóðfélagavefinn með kennitölu og lykilorði. Ef þú átt ekki lykilorð þá getur þú stutt á hnappinn „Sækja um aðgang að vef". Þá birtist nýr gluggi þar sem þú fyllir inn kennitölu og stafi sem birtast. Lykilorðið er sent í heimabankann þinn og þú finnur það undir „Rafræn skjöl"

3. Hvernig birtist Lífeyrisgáttin? Þegar þú ert búinn að skrá þig inn á sjóðfélagavefinn ferð þú á flipann „Réttindi" og þar undir birtist LÍFEYRISGÁTTIN, smellir á flipann og þá birtist eftirfarandi:

Hér birtast áunnin ellilífeyrisréttindi þín í samtryggingarsjóðum.

Upplýst samþykki og fyrirvarar:
Með þessum vefaðgangi er unnt að nálgast heildarréttindi í skyldutryggingu lífeyrisréttinda hjá lífeyrissjóðum. Til að fá aðgang að upplýsingunum þarf samþykki þitt fyrir því að þeirra sé aflað. Tekið skal fram að upplýsingarnar um réttindi eru aðeins birtar á þinni vefsíðu hjá lífeyrissjóðnum en ekki vistaðar. Reynt er að tryggja áreiðanleika upplýsinganna en lífeyrissjóðurinn ábyrgist ekki að svo sé. Vakni spurningar um efni upplýsinga skal leitað til viðkomandi lífeyrissjóðs.
Ég hef kynnt mér fyrirvara og samþykki hér með að kallað sé eftir upplýsingum um lífeyrisréttindi mín úr öðrum sjóðum.

X Samþykkja skilmála Þú smellir á samþykkja, og þá færist þú áfram inn á listann sem sýnir þín ellilífeyrisréttindi í samtryggingarsjóði.

4. Dæmi um efnisatriði sem birtast á lista yfir réttindi þín:

Sjóður	síðast greitt*	Tegund réttinda**	Réttindi 65 ára	Réttindi 67 ára	Réttindi 70 ára	Athugasemd
(ath nöfn hér neðar tilbúin)						
Lsj. Skáldkvenna	2013-08	Krónur á mánuði	131.868	154.920	195.819	
Lífeyrissjóður stangveiðimanna	1995-7	Krónur á mánuði	12	14	17	
Lsj. Tölvuþrjóta	2006-5	Krónur á mánuði				Ekki náðist samban
Lífeyrissjóður Prjónakarla	1988-3	Hlutfall af launum	7,90%			
Lífeyrissjóður sundgarpa	2000-1	Krónur á mánuði	2379	2.724	3.459	
Samtals réttindi á mánuði (án hlutfallsréttinda)			134.259	157.658	199.295	

Skýringar:
Mánaðarlegur lífeyrir er verðtryggður og breytist í samræmi við vísitölu neysluverðs.
*Athuga ber að dagsetning síðustu greiðslu kann að vera röng þar sem hún uppfærist í Lífeyrisgáttinni á 6 mánaða fresti.
**Ef tegund réttinda í sjóð er „Hlutfall af launum" þá eru sýnd áunnin ellilífeyrisréttindi þar sem fjárhæð reiknast sem hlutfall af launum.

Fyrirvari

Í Lífeyrisgátt lífeyrissjóða eru upplýsingar um áunnin réttindi til ellilífeyris sem er greiddur til æviloka en sjóðirnir veita jafnframt áfallatryggingu í formi örorku,- maka- og barnalífeyris.

Upplýsingar frá hverjum og einum lífeyrissjóði eru fengnar úr réttindabókhaldi þess lífeyrissjóðs og eru á ábyrgð hans.

Þar sem réttindi í sjóðunum eru byggð upp með mismunandi hætti er mjög mikilvægt að leitað sé til viðkomandi lífeyrissjóðs um allar nánari upplýsingar. Ef þú „smellir" á nafn lífeyrissjóðs færist þú yfir á heimasíðu hans.

Athugið að í Lífeyrisgáttinni eru ekki upplýsingar um inneign í séreignarsjóðum. Upplýsingar sýna lífeyrisgreiðslur fyrir skatta.

Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum eins og venjulegum launagreiðslum.